

Starfsáætlun Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs

Árið 2017

Starfsáætlun 2017

Framtíðarsýnin er að Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs verði þekkt fyrir fagleg og vönduð vinnubrögð í þágu íbúa á þjónustusvæðinu, þar sem réttarstöðu fólks er gætt og því mætt af virðingu og heiðarleika. Leitast skal við að hafa í starfi á hverjum tíma vel menntað og hæfileikaríkt starfsfólk.

Meginmarkmið

Félagsþjónusta í sveitarfélaginu skal stuðla að auknum lífsgæðum og velferð íbúa svæðisins. Þjónustan skal vera sveigjanleg og miðast við þarfir einstaklingsins. Lögð er áhersla á valdeflingu og sjálfsákvörðunarrétt og þess gætt að hvetja einstaklinginn til sjálfshjálpar.

Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs vill efla lífsgæði íbúanna með því að:

- vera félagslegt og fjárhagslegt öryggisnet þeirra sem til hennar leita og á þurfa að halda.
- styrkja einstaklinginn til sjálfsábyrgðar og sjálfshjálpar með því að virða sjálfsákvörðunarrétt hans og leita leiða að lausnum af fordómaleysi, virðingu og á jafnræðisforsendum.
- leggja áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir, s.s. fræðslu og forvarnir.
- skapa börnum og ungmennum viðunandi uppeldisskilyrði og styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki þeirra.
- einstaklingum sé veitt þjónusta til að gera þeim kleift að búa á eigin heimili svo lengi sem þeir óska. Jafnframt séu tryggð viðeigandi úrræði þegar þess er þörf.
- vinna gegn aðgreiningu á grundvelli mismunandi þarfa, s.s. vegna aldurs, fötlunar eða uppruna og virða fjölbreytileika sem styrkleika, mæta einstaklingum á eigin forsendum og viðurkenna að þarfir þeirra geta verið ólíkar.
- hafa gott aðgengi að þjónustunni og upplýsingum um hana sem flestir geti nýtt sér.

Starfsáætlunin byggir á sameiginlegri stefnumótun félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs og Fjarðabyggðar ásamt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um málefni fatlaðs fólks og lögum um barnavernd, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks. Fyrir liggja starfsáætlanir fyrir starfsstöðvar er heyra undir Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs.

Ráðgjöf

Markmiðið er að efla og styrkja hvern einstakling til að takast á við viðfangsefni sín með áherslu á stuðning til sjálfshjálpar og sérstöðu hvers einstaklings. Virðing, góð tengsl og trúnaður eru lykilatriði í allri ráðgjöf og samskiptum. Áhersla er lögð á samstarf og samráð við einstaklinga og fjölskyldur. Ráðgjöf félagsþjónustunnar tekur til barna og fullorðinna.

Félagsleg ráðgjöf

Ráðgjafar félagsþjónustunnar veita þeim sem þangað leita félagslega ráðgjöf á hverjum tíma í samræmi við óskir og þarfir fólks. Meginmarkmið ráðgjafarinnar er að styrkja fólk til sjálfshjálpar og sjálfstæðis.

Starfsmarkmið

- a) Samstarf ráðgjafa félagsþjónustunnar við forvarnafulltrúa vegna ungmenna með félagslega erfiðleika.

Leiðir

- Ungmennum á aldrinum 16 – 20 ára verði bent á starfsemi ungmennahúss og eftir atvikum komið á tenginu milli ungmennis og forvarnafulltrúa. Í ungmennahúsi er starfrækt ýmis starfsemi undir stjórn forvarnafulltrúa Fljótaldalshéraðs og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

- b) Upplýsa fólk um starfsemi félagsþjónustunnar og hvert einstaklingar geta leitað til að nýta rétt sinn til þjónustu.

Leiðir

- Opinn íbúafundur verði haldinn á fyrri hluta ársins á öllum þéttbýlisstöðum þjónustusvæðisins, þar sem starfsemi félagsþjónustunnar yrði kynnt og almennum fyrirspurnum svarað.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar

Fjárhagsaðstoð

Ráðgjafar félagsþjónustunnar veita móttöku og annast afgreiðslu umsókna um fjárhagsaðstoð.

Starfsmarkmið

- a) Ráðgjafar félagsþjónustunnar skulu stuðla að auknu sjálfstæði þeirra er eftir þjónustunni leita, með fjárhagslegri ráðgjöf.

Leiðir

- Í samstarfi við notendur geri ráðgjafi ítarlegt yfirlit yfir tekjur og útgjöld.
- Ráðgjafi aðstoði notendur að leita leiða til að koma á jafnvægi tekna og útgjalda með hagræðingu og forgangsröðun í fjármálum.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

- b) Auka þekkingu starfsmanna á aðferðinni „Leiðin til velgengni“ sem félagsþjónustan hefur valið að nota í fjármálaráðgjöf.

Leiðir

- Ráðgjafar félagsþjónustunnar fái einstaklingsbundna fræðslu til að viðhalda þekkingu sinni og eða auka hana á aðferðum sem „Leiðin til velgengni“ byggir á. Leitað verði samstarfs við fyrirtæki Garðars Björgvinssonar hvað þetta snertir.
- Að starfsmenn miðli þekkingu sín á milli og veiti hvort öðru aðstoð við flóknari mál er lúta að fjármálaráðgjöf einstaklinga.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

Uppeldisleg ráðgjöf

Um er að ræða forvarnarmiðað starf sem miðar að því að auka foreldrafærni og draga úr hegðunarvanda barna.

Starfsmarkmið

- a) Auka færni foreldra í uppeldishlutverki sínu.

Leiðir

- Einstaklingsmiðuð meðferð verði veitt til þeirra sem þess óska. Meðferðin byggir á hugmyndafræði PMT.
- Starfsmenn félagsþjónustunnar haldi foreldranámskeið með á herslu á PMT foreldrafærni á Egilsstöðum og á Borgarfirði eystri.
- Haft verði samband við skólastjórnendur á Fljótisdalshéraði, auk starfsmanns Skólaskrifstofu og þeir hvattir til að beina foreldrum á námskeiðin.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

Stuðningur við fjölskyldur fatlaðra barna

Ráðgjafi félagsþjónustunnar skal vera samræmingaraðili í þjónustu við fötluð börn á svæðinu í þeim tilgangi að þjónustan við fjölskyldu og barn sé heildstæð og skilvirk. Ráðgjöf varðandi uppeldi og þjálfun er veitt til fjölskyldna og þjónustuaðila barnsins ásamt upplýsingum um ýmis réttindi.

Starfsmarkmið

- a) Auka möguleika fatlaðra barna á þátttöku í íþróttum og tómstundastarfi í sveitarfélaginu.

Leiðir

- Leitað verði eftir samstarfi við Hött og UÍA um leiðir til að fötluð börn geti sem best nýtt sér þá íþróttþjálfun sem í boði er. Send verði bréf til UÍA og Hattar þar sem lögð er áhersla á sérþarfir fatlaðra barna og þörf þeirra fyrir sérstaka aðstoð við þjálfun. Erindinu verði síðan fylgt eftir með fundum.
- Skoða hvort mögulegt er að liðveitandi sinni fleiru en einu barni samtímis t.d. á tómstundaviðburðum.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

- b) Að fyrir liggja upplýsingar um þjónustubörf fatlaðra barna til næstu þriggja ára t.d. varðandi stuðning á heimili, hvíldarúrræði og búsetuþjónustu til framtíðar. Niðurstöður verði nýttar við áætlun um uppbyggingu á þjónustu.

Leiðir

- Útbúinn verði gátlisti með spurningum um þjónustubörf.
- Viðtöl verði tekin við foreldra með hliðsjón af gátlistanum.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

Þjónusta við innflytjendur

Mikilvægt er að innflytjendur þekki þá þjónustu sem í boði er hjá sveitarfélaginu og hafi greiðan aðgang að upplýsingum um hana.

Starfsmarkmið

- a) Upplýsa innflytjendur um réttindi þeirra og skyldur í íslensku samfélagi.

Leiðir

- Starfsfólk gæti þess að upplýsa innflytjendur um kynningarbæklinga sem fjalla um réttindi og skyldur auk upplýsinga um hvaða þjónustu er að fá í sveitarfélaginu.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

- b) Uppfæra kynningarbæklinginn *Verið velkomin til búsetu á Fljótsdalshéraði*.

Leiðir

- Starfsmenn félagsþjónustunnar fari yfir bæklinginn og geri viðeigandi breytingar á öllum útgáfum hans, þ.e. íslensku, ensku og pólsku.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

Áhrif fatlaðs fólks á mótun þjónustunnar

Í öllu ákvarðanaferli skal þess gætt að taka tillit til óska og þarfa notandans og auka möguleika hans á að hafa áhrif á þróun og framkvæmd þeirrar þjónustu sem veitt er.

Starfsmarkmið

- a) Stuðlað að því að nýstofnað notendaráð á þjónustusvæði fatlaðs fólks á Austurlandi starfi áfram og að þátttakendur styrkist og eflist í hlutverkum sínum sem ráðgjafar fyrir þjónustusvæðið.

Leiðir

- Starfsmenn félagsþjónustusvæðanna beggja sitji fundi ráðsins, boði til funda og riti fundargerðir.
- Starfsmenn upplýsi ráðið um starfsemi félagsþjónustunnar s.s. um starfshætti, lög, reglugerðir og reglur sem unnið er eftir, um nýja þjónustu og áætlanir um uppbyggingu þjónustunnar.

Kostnaður

Kostnaður innan ramma rekstraráætlunar

Þátttaka fatlaðs fólks í samfélaginu

Félagsþjónustan stuðlar að því í störfum sínum að á starfssvæðinu séu ríkjandi jákvæð viðhorf í garð fatlaðra einstaklinga og að samfélagið sé upplýst um þann margbreytileika sem einkennir öll samfélög. Þannig verði stuðlað að aukinni virðingu fatlaðra einstaklinga og möguleikum þeirra til virkrar þátttöku.

Starfsmarkmið

- a) Vinna að aukinni þátttöku fatlaðs fólks og stuðla að jákvæðum viðhorfum gagnvart því í samfélaginu.

Leiðir

- Áframhaldandi vinna verði vegna undirbúnings verkefnisins Listar án landamæra með því að virkja sem flestar einingar félagsþjónustunnar til þátttöku.
- Ungt fólk verði fengið í vinnu með fötluðu fólki með fræðslu og kynningum t.d. í ME.
- Stuðlað verði að markmiðinu með því hvetja starfsfólk til að aðstoða fatlað fólk til þátttöku í viðburðum í samfélaginu t.d. á fundum með starfsfólki og reglulegri fræðslu.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

Barnavernd

Markmið með starfi barnaverndar er að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002, með síðari breytingum.

Könnun barnaverndarmála

Þegar barnaverndartilkynning hefur borist skal taka ákvörðun innan sjö daga um hvort málið verði kannað á grundvelli 21. og 22. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Slíkar ákvarðanir eru teknar á vikulegum meðferðarfundum starfsmanna í barnavernd. Könnun mála skal unnin á faglegan hátt með hagsmuni barnsins að leiðarljósi og í sem bestu samráði við foreldra og barn.

Starfsmarkmið

- a) Við könnun barnaverndarmála skal megin reglan vera sú að nýta tilkynningafundi þar sem foreldrar og þeir aðilar sem þekkja til aðstæðna barnsins eru boðaðir til fundar og farið yfir tilkynninguna og leitað lausna á þeim vanda sem þar kemur fram.

Leiðir

- Starfsfólk fái leiðsögn um verklag sem notast er við þegar haldnir eru tilkynningafundir í barnaverndarmálum.
- Fundað verði með leik- og grunnskólastjórum og þeim kynnt ofangreint verklag.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

- b) Innleiða ESTER matstæki á áhættu- og verndandi þáttum tengdum frávikshegðun barna.

Leiðir

- Barnaverndarstarfsmenn fari á námskeið hjá Barnaverndarstofu þar sem aðferðin er kennd.
- Barnaverndarstarfsmenn tileinki sér aðferðina og nýti hana í starfi.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

Vistheimili

Samkvæmt 84. gr. barnaverndarlaga skulu barnaverndarnefndir hafa tiltæk úrræði til að taka á móti börnum í bráðatilvikum. Barnaverndarstofa veitir leyfi til reksturs slíkra heimila. Ekkert heimili er með slíkt leyfi á Fljótsdalshéraði enda sjaldgæft að vinna þurfi bráðan bug á aðstæðum barns með vistun utan heimilis.

Starfsmarkmið

- c) Leita eftir heimilum til að sinna óvæntum vistunum barna til skemmri tíma skv. 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Leiðir

- Barnaverndarstarfsmaður setji sig í samband við fjölskyldur á svæðinu sem gætu hugsað sér að fá leyfi til að taka börn í óvænta vistun til skamms tíma. Samið verði við fjölskyldurnar um að einungis verði greitt fyrir vistunartímabil barns, en ekki bakvakt.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

Símavakt í barnaverndarmálum

Með því að tryggja aðgengi lögreglu og 1 1 2 að starfsmönnum barnaverndar utan hefðbundins vinnutíma yrði aukin þjónusta við fjölskyldur barna- og unglínga sem lenda í bráðum vanda.

Starfsmarkmið

- a) Koma á símvakt í barnaverndarmálum þar sem lögregla og 1 1 2 hafa aðgengi að starfsmönnum barnaverndar utan hefðbundins vinnutíma.

Leiðir

- Félagsmálastjóri og þeir starfsmenn sem sinna vinnslu barnaverndarmála skipti með sér símvöktum.
- Gerður verði skriflegur samningur við þá starfsmenn sem koma að vöktunum, varðandi launagreiðslur og umfang vinnunnar.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

Búseta

Markmiðið er að veita fjölbreytta og alhliða þjónustu sem miðar að því að skapa fólki aðstæður til að geta búið sem lengst á einkaheimilum, lífað sem eðlilegustu lífi og tekið þátt í samfélaginu. Aðstoð er veitt einstaklingum/fjölskyldum sem vegna félagslegra erfiðleika eða skerðingar á færni sökum veikinda, hækkandi aldurs eða fötlunar, þurfa aðstoð við að halda heimili og/eða að sjá sér fyrir húsnæði.

Félagsleg heimabjónusta

Með félagslegri heimabjónustu skal stefnt að því að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst á eigin heimili. Með félagslegri heimabjónustu er átt við hvers konar aðstoð við heimilishald, persónulega umhirðu, félagslegan stuðning, gæslu og umönnun barna og unglunga.

Starfsmarkmið

- a) Halda tvo stuðnings/samráðsfundi á árinu með starfsmönnum heimabjónustunnar

Leiðir

- Starfsmenn verði boðaðir á kvöldfundi, einn að vori og annan að hausti.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

- b) Hafa til staðar nauðsynleg gögn og upplýsingar fyrir nýja starfsmenn.

Leiðir

- Útbúin verði mappa fyrir nýliða sem inniheldur nauðsynlegar upplýsingar og fræðsluefni s.s. vinnuskýrslur, starfslýsingu og siðareglur.
- Útbúnar verði starfslýsingar fyrir starfsfólk í heimabjónustu.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

Liðveisla

Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs.

Starfsmarkmið

- a) Hafa til staðar nauðsynleg gögn og upplýsingar fyrir nýja starfsmenn.

Leiðir

- Útbúin verði mappa fyrir nýliða sem inniheldur nauðsynlegar upplýsingar og fræðsluefni s.s. vinnuskýrslur, starfslýsingu og siðareglur.
- Útbúnar verði starfslýsingar fyrir liðveitendur.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

Ferðabjónusta

Markmið ferðabjónustu er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar, aldurs eða annarra aðstæðna kleift að stunda atvinnu, nám og endurhæfingu auk tómsunda.

Starfsmarkmið

- a) Að til staðar sé ferðabjónustubíll sem er vel búinn til vetraraksturs og með lyftu. Þannig verður starf bílstjóra og annarra starfsmanna auðveldara og aukin þægindi fyrir notendur þjónustunnar.

Leiðir

- Keyptur verði fjórhjóladrifinn bíll með lyftu fyrir ferðabjónustuna.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

Félagslegt húsnæði

Félagslegt húsnæði er ætlað þeim fjölskyldum og einstaklingum sem vegna lágra launa, þungrar framfærslubyrðar og/eða annarra félagslegra aðstæðna eru ekki færir um að sjá sér fyrir húsnæði.

Starfsmarkmið

- a) Fylgja eftir áætlun um uppbyggingu nýs þjónustukjarna fyrir ungt fatlað fólk.

Leiðir

- Gert verði yfirlit yfir áætlaða þjónustubörf fatlaðra einstaklinga hvað varðar húsnæði.
- Gerð verði áætlun varðandi kostnað við nýja þjónustueiningu.
- Leitað verði að hentugu húsnæði í samvinnu við fasteigna- og eignasvið Fljótsdalshéraðs

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

Þjónusta á heimilum fatlaðs fólks

Fötluðu fólki er veitt aðstoð til þess að geta búið þannig að sem best henti hverjum og einum. Hver einstaklingur fær stuðning til aukins sjálfstæðis og ábyrgðar ásamt því að efla sjálfsákvörðunarrétt og stjórn á eigin lífi. Þjónustan skal veitt með hugmyndafræði um sjálfstætt líf og þjónandi leiðsögn að leiðarljósi.

- a) Skipulagning heilbrigðisþjónusta einstaklinga með sértækar heilbrigðisparfir tengdar fötlun á þann veg að hún skili sem bestum árangri fyrir einstaklinginn.

Leiðir

- Farið verði í viðræður við starfsfólk HSA um reglulegt eftirlit varðandi lyf og heilsufar þessara einstaklinga og samstarf um heilsueflandi aðgerðir þeim til handa.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

- b) Starfsstöðvar félagsþjónustunnar veiti aðstoð með hugmyndafræði um sjálfstætt líf, valdeflingu og þjónandi leiðsögn að leiðarljósi.

Leiðir

- Skoðaðir verði möguleikar þess að auka vægi fagfólks í búsetuþjónustu.
- Á reglulegum starfsmannafundum verði hugmyndafræðin um sjálfstætt líf, valdeflingu og þjónandi leiðsögn rifjuð upp og starfsmenn hvattir til að lesa greinar varðandi efnið.
- Haldin verði námskeið fyrir starfsmenn um hugmyndafræði í störfum með fötluðu fólki.
- Í handbókum starfsstöðva verði samantekt á lykiltríðum þessarar hugmyndafræði.
- Þjálfaðir verði mentorar á öllum starfsstöðvum félagsþjónustunnar. Mentorar hafa það hlutverk að vera leiðandi og sýna gott fordæmi er varðar starfsaðferðir, virðingu og umhyggju á sínum vinnustað.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

Virkni

Markmiðið er að fyrirbyggja félagslega einangrun með uppbyggilegum viðfangsefnum. Stefnt er að því að allir einstaklingar eigi þess kost að taka virkan þátt í samfélaginu á eigin forsendum með þeim stuðningi sem kostur er á.

Félagsmiðstöð í Hlymsdölum

Í félagsmiðstöðinni Hlymsdölum fer fram fjölbreytt félags- og tómstundastarf. Lögð er sérstök áhersla á fræðslu og námskeiðahald og almennt félagsstarf. Starfsfólk félagsþjónustunnar annast fræðslu og ráðgjöf við einstaklinga.

Starfsmarkmið

- a) Þjóða upp á fræðslu fyrir eldri borgara.

Leiðir

- Starfsmenn Hlymsdala annast fræðslu um samskipti, réttindi innan TR o.fl.
- Fagfólk úr hinum ýmsu greinum verði fengið til að halda fræðsluerindi um málefni sem snerta eldri borgara, t.d. sorg og sorgarviðbrögð og þunglyndi meðal eldri borgara.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

- b) Smíða keilubraut til að hafa innandyra.

Leiðir

- Samstarf verði haft við Félag eldri borgara og félagar fengnir til að hanna og smíða brautina.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

- c) Fá meðlimi Félags eldri borgara og aðra sjálfboðaliða til aukinnar þátttöku í starfsemi félagsmiðstöðvarinnar.

Leiðir

- Endurskoðaður verði samningur Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs við Félag eldri borgara á Fljótsdalshéraði.
- Fundað verði með Félagi eldri borgara og ábyrgð þess að útvega sjálfboðaliða úr þeirra röðum verði sett í hendur stjórnarinnar.
- Auglýst verði eftir sjálfboðaliðum í Hlymsdölum og í kynningarbæklingi v. tómstundastarfs.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

Dagþjónusta eldri borgara

Dagþjónustan er ætluð fólki sem býr á eigin heimilum en þarf á stuðningi að halda sem stuðlar að færni til að geta búið sem lengst heima. Markmið þjónustunnar er að einstaklingar geti notið persónulegrar þjónustu í notalegu umhverfi þar sem bæði félagslegum og líkamlegum þörfum þeirra er mætt.

Starfsmarkmið

- a) Vera í áframhaldandi góðu samstarfi við hinar ýmsu stofnanir, t.d. Rauða krossinn og fleiri, um verkefni fyrir dagþjónustugesti og efla samstarfið.

Leiðir

- Starfsmenn dagþjónustunnar verði í samstarfi við starfsfólk stofnana um fjölbreytt verkefni.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

b) Blóma- og matjurtarækt sumarið 2017 við hlið bílastæðis við Hlymsdali.

Leiðir:

- Ræktuð verði sumarblóm og matjurtir frá grunni í Vinabæ.
- Notendur dagþjónustunnar setji niður forræktaðar matjurtir og sumarblóm ásamt kartöflum að vori með aðstoð starfsfólks.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

Stólpi

Í Stólpa á fatlað fólk kost á dagþjónustu, hæfingu/iðju og starfsþjálfun.

Starfsmarkmið

- a) Viðhalda samstarfi við leikskóla og grunnskóla svæðisins og halda áfram virkri þátttöku í verkefninu List án landamæra.

Leiðir

- Kannaður verði grundvöllur fyrir reglulegum heimsóknum á leikskóla svæðisins með notendum.
- Kannaður verði grundvöllur fyrir áframhaldandi starfi með hópana þar sem grunnskólanemendur koma einu sinni í viku, 1 klst. í senn og vinna verkefni með einstaklingum í Stólpa.
- Unnið verði að þema Listar án landamæra 2017 með þeim notendum Stólpa sem vilja.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

- b) Halda starfsdag í Stólpa á haustmánuðum 2017 sem nýttur verði í fræðslu og hópefli.

Leiðir

- Haft verði samstarf við búsetuþjónustu varðandi tímasetningu á starfsdegi með tilliti til þess að Stólpi verði lokaður þann dag eða afleysing fyrir starfsfólk Stólpa.
- Forstöðumaður skipuleggi dagskrá starfsdagsins með fræðslu- og hópeflisþarfir starfsfólks að leiðarljósi.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

- c) Koma á nettengingu í tölvu í hvíldarrými eða vinnusal.

Leiðir

- Umsjónarmaður tölvumála hjá sveitarfélaginu verði fenginn til að koma nettengingunni á.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

Mann- og geðræktarmiðstöðin Ásheimar

Í Ásheimum er stefnt að því markmiði að vinna gegn félagslegri einangrun og stuðla að sjálfseflingu.

Starfsmarkmið

- a) Gera átak til þess að laða fólk í Ásheima.

Leiðir:

- Starfsemi Ásheima verði auglýst í Dagskránni í byrjun febrúar.
- Gerð verði mánaðarleg dagskrá fyrir Ásheima þar sem tilgreint er hvað er gert á hverjum degi fyrir sig.
- Dagskrá Ásheima verði send á líklega tilvísunaraðila, svo sem hjúkrunarfræðinga og lækna á heilsugæslu, starfsfólk StarfA, Virk og RKÍ.
- Mánaðarleg dagskrá Ásheima verði sett inn á heimasíðu Fljótsdalshéraðs.
- Facebook síða Ásheima verði nýtt til að auglýsa viðburði.
- Skipulagðir verði reglulegir viðburðir í Ásheimum sem auglýstir eru sérstaklega, eins og poolkeppni, bingó, bíódagur, basar o.fl.
- Búinn verði til bæklingur um starfsemi, dagskrá og viðburði Ásheima, sem hægt væri að afhenda til dæmis notendum félagsþjónustu og skjólstæðingum HSA, eftir því sem við á.
- Fengin verði fjölmiðlaumfjöllun um breytta starfsemi Ásheima eftir að starfsemi Ásheima hefur verið eflað í kjölfar samstarfs við RKÍ og fleiri aðila.
- Skoðað verði hvort breyta eigi nafni Ásheima, í kjölfar eflingar starfssemi.
- Aðkoma að Ásheimum verði löguð og viðhaldi sinnt innanhúss sem utan, eftir því sem við á. Skoðaður verði möguleiki á samstarfi við Alcoa hvað viðhald varðar.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

Þekkingar- og mannauður

Markmiðið er að hafa áhugasamt starfsfólk með góða þekkingu, menntun og reynslu og skapa því gott starfsumhverfi. Starfsmenn skulu studdir til að veita þjónustu af alúð og trúmennsku.

Fagleg þekking og færni starfsfólks

Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs leitast við að hafa í starfi á hverjum tíma vel menntað og hæfileikaríkt starfsfólk.

Starfsmarkmið

- a) Fræðsluáætlun fyrir starfsmenn félagsþjónustunnar uppfærð í byrjun árs 2017.

Leiðir

- Fræðsluáætlun verði unnin í samstarfi við Austurbrú í upphafi árs, þar sem tekið verði mið af óskum og þörfum starfsmanna sem fram koma í starfsmannaviðtölum.
- Á starfsmannafundum starfsstöðva verði fræðsla hluti af dagskránni.
- Þeir starfsmenn skrifstofunnar, sem fara á námskeið/ráðstefnur, kynni efnið á starfsmannafundum.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

- b) Vinna áfram með niðurstöður sálfélagslega áhættumatsins sem gert var meðal starfsmanna félagsþjónustunnar árið 2015.

Leiðir

- Í byrjun árs verði gerð áætlun í samstarfi við Forvarnir um handleiðslu og fræðslu til starfsmanna og starfsmannahópa félagsþjónustunnar. Leitað verði til fagfólks, eftir þörfum, sem veitt getur handleiðslu til starfsmanna.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

- c) Hvetja ungt fólk til starfa í liðveislu og á heimilum fólks.

Leiðir

- Leitað verði samstarfs við Menntaskólann á Egilsstöðum um að kynna störf hjá félagsþjónustunni meðal nemenda.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

- d) Laða fagfólk til starfa hjá félagsþjónustunni.

Leiðir

- Háskólanemum verði boðið að koma í starfsnám hjá Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs, s.s. nemum í félagsráðgjöf, iðjuþjálfun og þroskaþjálfun.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

- e) Að þjálfun og móttaka nýrra starfsmanna hjá félagsþjónustunni sé vel skipulögð og samræmd á milli starfsstöðva með það að markmiði að auka vellíðan starfsmanna og auðvelda þeim að aðlagast nýju starfi.

Leiðir

- Búnar verði til verklagsreglur um móttöku nýrra starfsmanna, þar sem m.a. verði kveðið á um fóstrakerfi og starfsviðtöl.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

Framþróun í málaflokki fatlaðs fólks

Áhersla er lögð á að vera vakandi fyrir nýjungum í þeim tilgangi að veita fötluðu fólki þjónustu í takt við það sem best reynist hverju sinni.

Starfsmarkmið

- a) Styrkja fagmennsku stjórnenda sem vinna að málefnum fatlaðs fólks og fylgjast með nýjungum og þróun í málaflokknum.

Leiðir

- Hafa reglulegt samstarf innan þjónustusvæðisins og við Hornafjörð með hjálp síma/Skype til að skiptast á upplýsingum og skerpa á áherslum í þjónustunni.
- b) Halda áfram með innleiðingu og eftirfylgd á hugmyndafræðinnar um Þjónandi leiðsögn og einnig með menntun og þjálfun mentora á því sviði.

Leiðir

- Haft verði reglulegt samstarf við þjónustusvæðin á Norðurlandi varðandi innleiðingu hugmyndafræðinnar um þjónandi leiðsögn.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

Önnur verkefni

Þátttaka fatlaðs fólks í samfélaginu

Félagsþjónustan stuðlar að því í störfum sínum að á starfssvæðinu séu ríkjandi jákvæð viðhorf í garð fatlaðra einstaklinga og að samfélagið sé upplýst um þann margbreytileika sem einkennir öll samfélög. Þannig verði stuðlað að aukinni virðingu fatlaðra einstaklinga og möguleikum þeirra til virkrar þátttöku.

Starfsmarkmið

- b) Vinna að aukinni þátttöku fatlaðs fólks og stuðla að jákvæðum viðhorfum gagnvart því í samfélaginu.

Leiðir

- Haldið verði áfram vinnu vegna undirbúnings verkefnisins Listar án landamæra með því að virkja sem flestar einingar félagsþjónustunnar til þátttöku.
- Ungt fólk verði fengið í vinnu með fötluðu fólki með fræðslu og kynningum t.d. í ME.
- Stuðlað verði að þátttöku fatlaðs fólks í viðburðum í samfélaginu og starfsfólk verði hvatt til aðstoðar.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

Skráning gagna í One kerfið

One kerfið er skjalastýringakerfi sem heldur utan um mál einstaklinga og önnur gögn sveitarfélagsins.

Starfsmarkmið

- a) Skráning gagna í kerfið á samræmdan hátt hvort sem um er að ræða einstaklingsmál eða almenn gögn.

Leiðir

- Gerðir verði verkferlar vegna skráningar í One kerfið.
- Útbúin verði stílsnið fyrir sem flest stöðluð bréf og greinargerðir.
- Starfsmenn félagsþjónustunnar fái fræðslu um skjalastýringu og vörslu gagna.

Kostnaður

Innan rekstraráætlunar.

Aðgengi að upplýsingum

Á heimasíðu Fljótsdalshéraðs er að finna upplýsingar um þá þjónustu sem veitt er hjá félagsþjónustunni.

Starfsmarkmið

- a) Gæta þess að ætíð séu réttar upplýsingar um þjónustuna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Leiðir

- Uppfærðir verði verkferlar, reglur og efni á heimasíðunni reglulega.

Kostnaður

Innan ramma rekstraráætlunar.

Betri félagsþjónusta

Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs veitir faglega og vandaða þjónustu í þágu íbúa á þjónustusvæðinu, þar sem réttarstöðu fólks er gætt og því mætt af virðingu og heiðarleika.

Starfsmarkmið

- a) Kanna upplifanir hinna ýmsu samstarfsaðila og notenda til þjónustunnar.

Leiðir

- Boðað verði til funda í aðildarsveitarfélögunum með samstarfsaðilum þar sem kallað væri eftir því sem betur mætti fara í þjónustunni og jákvæðir þættir samstarfsins yrðu ræddir.

Kostnaður

Innan rekstraráætlunar.

- b) Kynna almenningi þá þjónustu sem veitt er hjá Félagsþjónustunni.

Leiðir

- Skrifaðar verði faglegar greinar til kynningar á starfssviði félagsþjónustunnar á þjónustusvæðinu.

Kostnaður

Innan rekstraráætlunar.

Starfsfólk félagsþjónustunnar ber sameiginlega ábyrgð á því að gera starfsáætlun þessa að lifandi plaggi sem reglulega er tekin til umræðu á starfsmannafundum.

Starfsáætlun samþykkt á fundi félagsmálanefndar 25. janúar 2017